

Alþingi
Erindi nr. P 141/1980
komudagur 19.3.2013



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2013
Tilvísun: 2013030014/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn frumvarp um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923 og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, með síðari breytingum, - samræming reglna um vatnsréttindi, — 634. mál

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við frumvarp um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923 og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 (auðlindalaga), með síðari breytingum, - samræming reglna um vatnsréttindi. 141. löggjafarþing 2012-2013, þingskjal 1110 — 634. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreinds frumvarps og gerir ekki athugasemdir við greinar þess þar sem tilgangur lagabreytinganna er að samræma tvo lagabálka vatnalög og auðlindalög að því er varðar grunnvatn. Það er ekki, að mati Orkustofnunar ætlunin með frumvarpinu að gera neinar meginbreytingar á auðlindalögnum, aðeins að skilgreina m.a. eignarhaldið á grunnvatni til baka undir skilgreiningu gömlu vatnalaganna og afnema í leiðinni vafann um meðhöndlun á lindum – hvort um sé að ræða yfirborðsvatn eða grunnvatn.

Þar sem fulltrúi Orkustofnunar, sótti fund Atvinnuveganefndar Alþingis þann 18. mars. sl. er rétt að taka fram að ekki er verið að hnika til eða takmarka gildandi auðlindanýtingu grunnvatns frá því sem verið hefur. Hins vegar vill Orkustofnun benda á í þessu sambandi að 70 l/s takmörkunin varðandi leyfislausu notkun landeiganda, sbr. 14. gr. auðlindalaga, sem virðist í fyrsta lagi vera ritvilla í meðferð Alþingis 1998, (einn með fána, lesinn sem sjö) og í öðru lagi er um að ræða gríðarlega hátt gildi, til hagnýtingar á grunnvatn til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju. Leiða má rök að því að landeigendur þurfi ekki slíkt magn til heimilis- og búsparfa. Orkustofnun bendir á, í þessu sambandi, að 70 l/s svarar tvöfaldri notkun Vestmannaeyja, sem nýta um 35 l/s. Einnig til samanburðar má nefna að vatnsnotkun Farðarbyggðar í Norðfirði er um 32 l/s, að meðtalinni umtalsverðri fiskvinnslu. Eðlilegt væri, að mati Orkustofnunar, að leyfislaus notkun landeigenda samkvæmt 14. gr. auðlindalaga væri 10 l/s að hámarki, en ekki 70 l/s, eins og gildandi ákvæði gerir ráð fyrir og setur takmörkin við.

Orkustofnun gerir ekki að öðru leyti frekari athugasemdir við frumvarp um breytingu á vatna- og auðlindalögum um samræmingu reglna um vatnsréttindi.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen

Jónas Ketilsson